

Mál nr. 5/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X****Skaðabótaábyrgð vegna slyss í húsnæði sundhallar****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.1.2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.2.2019.

Myndskeið af notkun skúringavélar.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi runnið á gólfi inni í sundhöl. Um er að ræða gólfflöt sem gestir sundhallarinnar ganga um áður en þeir fara inn í baðklefa. Í tjónstilkynningu M sjálfur til annars vátryggingafélags en V, dags. 4. október 2017, kemur fram í hennar lýsingu að engin viðvörðun hafi verið á vettvangi vegna skúringa gólfsins. Í málinu liggja einnig fyrir yfirlýsingar tveggja vitna dags. 20. desember 2018 af slysi M, þar sem kemur fram að gólfið sem M gekk um þegar hún rann til hafi verið blautt og engar viðvaranir hafi verið vegna þessa.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar þar sem merkingum hafi verið ábótavant til að vara við hálu gólfi. Ríkar skyldur hafi hvílt á X sem rekstraraðila sundhallar sem fjöldi fólks leggur leið sína og greiðir gjald til að fá aðgang að aðstöðunni.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því sem röngu og ósönnuðu að aðstæður í sundhöllinni hafi verið óforsvaranlegar. Í bréfi V er því haldið fram að flísar á gólfi þar sem M féll hafi verið búnar sérstakri hálkuvörn, skúringavél sem notuð sé í húsnæði sundhallarinnar sé þannig að hún skilji ekki eftir bleytu á gólfi og ef bleyta hafi verið á gólfi sé ekki sýnt að hún hafi verið þar lengi eða með þeim hætti að starfsmenn X hafi átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna hennar. Einnig vísar V til þess að alltaf sé hætta á bleytu þar sem sé umgangur fólks og þannig verið að haga ferðum sínum í samræmi við það.

Álit.

Í málinu liggja fyrir skjalfestar upplýsingar frá tveimur vitnum að slysi M um að bleyta hafi verið á gólfi og engar viðvaranir vegna hennar. Einnig kemur fram hjá sömu vitnum að gólfið hafi verið nýskúrað þegar slysið varð. Í málinu verður að líta til aðstæðna og þeirra skyldna sem þeir bera sem hafa með höndum þjónustu í húsnæði sem margir sækja. Þó almennt sé hægt að gera kröfur til þeirra sem ganga um svæði sem margir aðrir ganga um að gæta að sér þá liggja hér fyrir sönnunargögn um að slysi M megi rekja beint til þess að gólf var blautt eftir nýyfyrstaðnar skúringar. Umfjöllun um gólfflísar í bréfi V til nefndarinnar eða aðrar almennar yfirlýsingar í því bréfi hrekja ekki umræddan vitnisburð. Í húsnæði sundlauga verður almennt að gera ráð að viðskiptavinir séu meðvitaðir um að þeir gangi oft á gólfflötum sem eru blautir. Hins vegar varð slysi M á þeim stað í húsnæðinu að ekki er ástæða til að ætla að gólfflötur sé sérstaklega blautur. Verður því fallist á að vara hefði átt við því að gólf gætu verið blaut vegna skúringa og X hafi bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M með því að ekki var sérstaklega varað við því.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.